

**Sp.**

#### **464. Fyrirspurnir.**

1. Til forsætisráðherra um njósnir Þjóðverja á Íslandi.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvenær fékk utanríkisstjórnin vitneskju þá, sem fram kom í bréfum íslensku sendisveitarinnar í Kaupmannahöfn, er dagsett voru 2., 10. og 28. marz 1939 og 24. janúar 1940, varðandi umfangsmiklar njósnir Þjóðverja á Íslandi? Hvers vegna var öllum þessum bréfum haldið leyndum fyrir utanríkismálanefnd?

Í hvaða skyni var tilvonandi lögreglustjóri Reykjavíkur sendur til langdvalar hjá þýzku lögreglunni, fáum vikum eftir að íslenska ríkisstjórnin hafði fengið þrjú aðvörunarbréf frá trúnaðarmanni landsins í Danmörku um, að nazistar hefðu vegna sinna þarfa komið á viðtæku njósnarkerfi á Íslandi?

2. Til ríkisstjórnarinnar varðandi rekstur og sér í lagi gistihúsrekstur á flugvelli Reykjavíkur.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hver voru útgjöld og tekjur af flugvellingum í jan. 1948?
  - a. Hve margar útlendar vélar komu á völlinn á þessum tíma, og hver var hagnaður af þeim?
  - b. Hve margar íslenskar vélar komu á völlinn?
  - c. Hve margir fastráðnir menn unnu á flugvellingum í janúar, og hvernig skiptust þeir eftir starfsgreinum?
  - d. Hve margir menn unnu þar í janúarmánuði í daglaunavinnu, og hver voru mánaðarútgjöldin fyrir vinnu fastlaunaðra manna og daglaunamanna?
2. Hve mikið hefur landið fengið greitt á þessu ári úr alþjóðasjóðum upp í skuld fyrir flugþjónustuna, og hve mikið er enn ógreitt til ríkissjóðs?
3. Hve mikið tap hefur ríkið nú þegar beðið við eign og rekstur gistihússins á flugvellingum?
  - a. Hve mikið af lausum munum létu Bretar samkvæmt úttektarskrá fylgja gistihúsinu, þegar þeir afhentu það?
  - b. Hve mikið var eftir af þessum lausu munum, þegar ríkið lánaði einstökum manni gistihúsið?
  - c. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til að koma fram ábyrgð á hendur þeim mönnum, sem eru valdir að hinu mikla tjóni ríkissjóðs í sambandi við rekstur og notkun hins umrædda gistihúss?